

Kjósarhreppur  
Sigurður H. Ólafsson  
Félagsgarði  
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 17.1.2022  
UST202112-099/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Nesvegur 1,3 og 5 – Kjósarhreppur**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Kjósarhrepps er barst 8. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Nesveg 1,3 og 5 í Flekkudal í Kjósarhreppi.

Í greinargerð kemur fram deiliskipulagið nær til þriggja frístundalóða þar sem heimilt er að reisa frístundahús og geymslu og er hámarks byggingarmagn 150 m<sup>2</sup>.

#### **Náttúruminjaskrá**

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Laxárvogur og Laxá í Kjós og er númer 134 sem aðrar náttúruminjar. Svæðið er víðfeðmt og í Laxárvogi eru víðáttumiklar leirur með fjölbreyttu dýralífi og gróðri. Laxá er ein helsta laxveiðiá landsins og í sefunum er fjölskrúðugt fuglalíf.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi að svæðið er á náttúruminjaskrá.

#### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Björn Stefánsson  
sérfræðingur